

Reykjavík, 08.06.2022

/

Alþingi, Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um niðurdælingu

Vísað er til erindis Alþingis, dags. 1. júní þ.á., varðandi frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. (geymsla koldíoxíðs), sbr. 699 mál. Með erindinu var Carbfix og Orkuveitu Reykjavíkur (OR), móðurfélagi Carbfix, boðið að senda inn umsögn vegna frumvarpsins. Eftirfarandi er sameiginleg umsögn beggja aðila.

Með lögum nr. 12/2021 sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2021, var innleidd tilskipun ESB nr. 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu. Niðurdælingarverkefni hafa það að markmiði að stemma stigu við neikvæðum áhrifum af losun gróðurhúsalofttegunda og hérlendis stuðla þau m.a. að því að markmið Íslands um samdrátt í losun náist. Með framangreindum lögum frá því í fyrra var niðurdæling hérlendis heimiluð. Með því að fella niðurdælingu hér á landi undir lög sem innleiða tilskipun 2009/31/EB skapast einnig tenging við ETS kerfi ESB og niðurdæling á grundvelli slíkra laga er þá frádráttarbær innan ETS kerfisins. Að sama skapi eru niðurdælingarverkefni sem framkvæmd eru á grundvelli slíkra laga felld undir regluverk um mat á umhverfisáhrifum. Tenging við ETS kerfið er ákveðið grundvallaratriði enda með því verið að skapa fjárhagslegan hvata til að hefja niðurdælingu, þ.e. fyrir þá aðila sem falla undir kerfið.

Með lögnum var leitast við að hafa orðalag opið og var þannig komið til móts við óskir m.a. Carbfix um að hafa orðalag þannig að greinarmunur yrði gerður á niðurdælingaraðferð Carbfix sem leiðir til steinrenningar og hinni hefðbundnu niðurdælingaraðferð til geymslu þar sem koldíoxíð er geymt neðanjarðar við yfirmarksástand. Þar sem tilskipunin á að vera tæknilega hlutlaus hefði þetta ekki átt að koma að sök, að mati Carbfix, enda hafa íslensk stjórnvöld val um aðferðir við innleiðingu tilskipana sbr. 7. gr. laga um EES samninginn. Frumvarpið nú gerir ráð fyrir að vikið verði frá því orðalagi sem valið var en verði breytingarnar sem lagt er upp með í því að lögum er niðurdæling til geymslu hér á landi eftir sem áður leyfð. Að því gefnu að tilskipun ESB um niðurdælingu sé tæknilega hlutlaus fellur Carbfix aðferðin þá undir bæði tilskipunina og lögin sem innleiða hana hér á landi. Þar með ætti að vera hægt að draga niðurdælt magn með aðferðinni frá í losunarbókhaldi aðila innan ETS kerfisins. Einnig falla niðurdælingarverkefni undir löggjöf um mat á umhverfisáhrifum enda áskilur hún slíkt um verkefni sem framkvæmd eru á grundvelli laga sem innleiða tilskipunina um niðurdælinguna.

Með hliðsjón af framangreindu leggja Carbfix og OR til að Alþingi samþykki framlagðar tillögur sem fela í sér breytta nálgun við innleiðingu tilskipunar 2009/31/EB. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að evrópsk löggjöf taki betur tillit til aðferðar Carbfix til förgunar á koldíoxíði. Af samskiptum við ESA má ráða að löggjöfin sé tæknilega hlutlaus og því falli Carbfix-aðferðin undir hana. Æskilegt væri að fá þann skilning formlega staðfestan. Hins vegar hefur jafnframt komið fram að ekki sé fyrir hendi svigrúm til að



sveigja orðalag íslenskra laga að Carbfix-aðferðinni, heldur þurfi orðalag þeirra að endurspegla Evrópulöggjöfina, ella sé hætt við að hún teljist ekki rétt innleidd hér á landi. Með hliðsjón af þessu telja fyrirtækin afar mikilvægt að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Íris Lind Sæmundsdóttir".

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður